

## Svar

### ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra við fyrirspurn frá Smára McCarthy um horfur í ferðaþjónustu.

1. *Hefur ráðherra látið gera mat á horfum, þ.e. vexti eða samdrætti, í ferðaþjónustu á árunum 2018–2022? Ef svo er, hvenær var það mat gert og hvernig ber því saman við fyrri áætlanir?*

Ráðuneytið hefur ekki látið gera slíkt mat til viðbótar við þær spár sem liggja fyrir frá öðrum aðilum. Árið 2016 var gefin út sviðsmynda- og áhættugreining fyrir ferðaþjónustuna á vegum Stjórnstöðvar ferðamála undir heitinu „Framtíð ferðaþjónustunnar á Íslandi árið 2030“. Þar var stillt upp fjórum sviðsmyndum í þeim tilgangi að setja í samhengi orsakir og afleiðingar ákvarðana og aðgerða, auk þess að greina helstu áhættuþætti sem gætu staðið atvinnugreininni fyrir þrífum. Í skýrslunni kom fram að stjórnvöld og sveitarfélög gætu nýtt sviðsmyndirnar til að greina hvar, hvenær og hvernig þau þyrftu að styðja við og skapa starfsumhverfi og regluverk svo að ferðaþjónustan gæti blómstrað. Tekið var fram að aðkoma stjórnvalda gæti falist í stefnumótun og gerð aðgerðaáætlana sem tækju mið af breytilegu starfsumhverfi sviðsmyndanna. Þá sköpuðu þær grundvöll fyrir samræðu innan greinarinnar og eins við stjórnvöld og sveitarfélög um þá þætti sem þessir aðila þyrftu að vinna saman að til að tryggja framgang ferðaþjónustunnar á komandi árum. Þá kom fram í skýrslunni að mikilvægt væri að skilja vel þá atburði sem gætu leitt til samdráttar eða áfalla í greininni. Með áhættugreiningunni var lagt mat á stærstu áhættuþætti greinarinnar, en ólíkir áhættuþættir fela í sér mismikla áhættu og í sumum tilfellum tækifæri, allt eftir eðli starfseminnar.

Í skýrslunni var stillt upp helstu áhrifaþáttum eftir fjórum mismunandi sviðsmyndum sem báru heitin „Niceland“, „Ferðamenn – Nei takk“, „Laus herbergi“ og „Fram af bjargbrúninni“. Yfirlit yfir þessa þætti ásamt mati út frá sviðsmyndum má sjá á mynd 1.

	Niceland	Ferðamenn – Nei takk	Laus herbergi	Fram af bjargbrúninni
	Svigrúm í þolmörkum Samkeppnishæft	Spenna í þolmörkum Samkeppnishæft	Svigrúm í þolmörkum Ekki samkeppnishæft	Spenna í þolmörkum Ekki samkeppnishæft
 <b>Ástand náttúru</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fjárfesting og stýring til verndar náttúru til fyrirmyndar</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Léleg stýring, kastað til hendinni við uppbyggingu</li> <li>Vinsælar náttúruperlur illa farnar</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Náttúrunni stafar ekki ógn af ágangi</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Mikil náttúruspjöll vegna átroðnings</li> </ul>
 <b>Viðhorf heimamanna</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Gestrisni</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Vaxandi óánægja</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Ferðamenn velkomnir</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Mjög neikvætt</li> </ul>
 <b>Öryggi ferðamanna</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Ísland öruggur áfangastaður</li> <li>Öryggisáætlanir og upplýsingamiðlun</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Óásættanlegt</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Öryggi tryggt</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Slys tíð og illa við þeim brugðist</li> </ul>
 <b>Orðspor Íslands</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Gæði</li> <li>Íslensk sérkenni</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skaðað</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fríðsælt en dýrt</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Ekki fara til Íslands</li> </ul>
 <b>Framboð og menntun starfsfólks</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fjölbjóðlegt</li> <li>Hæft og menntað</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Mikið af reynslulausu innfluttu vinnuafla</li> <li>Lágt menntunarstig</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Nægt framboð</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Flótti úr greininni</li> </ul>
 <b>Gæði og fagmennska</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Á háu stigi</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Ekki til sóma</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Samkeppni á grundvelli gæða og fagmennsku</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Í besta falli meðalmennska</li> </ul>
 <b>Samsetning ferðamanna</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Breiður hópur</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Ísland er allt fyrir alla</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Einsleitni – markaðssetning miðar að tekjuhærri ferðamönnum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Ísland er allt fyrir alla</li> </ul>
 <b>Innviðir</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Heimamenn og ferðamenn sáttir</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Standa ekki undir vextinum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Ekki nýttir til fullnustu</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Brostnir</li> </ul>
 <b>Arðsemi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Há arðsemi</li> <li>Samkeppnishæf laun</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Þjóðhagsleg arðsemi of lág</li> <li>Arðsemi góð hjá fáum stórum fyrirtækjum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Almennt lág arðsemi</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Ört lækkandi arðsemi</li> </ul>

Mynd 1. Samanburður áhrifaþátta eftir sviðsmyndum.

Þá var í sviðsmyndagreiningunni sett fram áhættuskor ferðaþjónustunnar eftir áhættuþáttum, annars vegar eftir upplifun og ímynd og hins vegar eftir áhrifum á tekjur greinarinnar. Yfirlit yfir þessa þætti má sjá á mynd 2.

Áhættuyfirlit				
Upplifun og mynd Áhrif á tekjur greinarinnar	Áhrif			
	Óveruleg skammtímaáhrif 1. 0,2 - 1% samdráttur	Nokkur áhrif til millilangs tíma 2. 1 - 5% samdráttur	Mikil áhrif til lengri tíma 3. 5 - 20% samdráttur	Alvarleg langtímaáhrif 4. + 20% samdráttur
4. Mjög líklegt			6	13
3. Frekar líklegt		11	1 10	4 7
2. Frekar ólíklegt	8	2 3		
1. Mjög ólíklegt	12		5 9	

Áhættuþættir ferðaþjónustu			
Nr.	Áhættuþáttur	Flokkur	Skor
13	Neikvætt viðhorf heimamanna	Upplifun	16
4	Mannmergð á vinsælum viðkomustöðum	Upplifun	12
6	Lág gæðaviðmið ferðaþjónustuaðila	Upplifun	12
7	Skortur á hæfu starfsfólki	Upplifun	12
1	Náttúruspjöll / eyðing	Upplifun	9
10	Efnahagslegur samdráttur erlendis	Afkoma	9
11	Gjaldeyrissáhætta	Afkoma	6
2	Verulegur skortur á gistinguþingum	Upplifun	4
3	Flöskuhálsar í millilandaflugi	Upplifun	4
5	Slys á ferðamönnum	Upplifun	3
9	Náttúruhamfarir	Afkoma	3
8	Ótti við ferðalög	Afkoma	2
12	Hertar reglur um ferðafrelsi	Afkoma	1

Mynd 2. Áhættuskor ferðaþjónustunnar eftir áhættuþáttum.

Á vefsíðunni Mælaborði ferðaþjónustunnar, sem hleypt var af stokkunum haustið 2017, eru tölulegar upplýsingar um atvinnugreinina birtar með myndrænum hætti. Markmiðið með Mælaborðinu er að mæta brýnni þörf fyrir aðgengilegar og áreiðanlegar upplýsingar á einum stað um vöxt og þróun ferðaþjónustunnar. Á Mælaborðinu má nú einnig finna sex af níu mælikvörðum sem settir eru fram í „Vegvísi í ferðaþjónustu“.

Þá má nefna að samkvæmt áætlun um áreiðanleg gögn sem unnið hefur verið að út frá „Vegvísi í ferðaþjónustu“ er gert ráð fyrir að unnin verði spá í ferðaþjónustu en það verkefni hefur ekki verið sett af stað enn sem komið er.

2. *Til hvaða aðgerða hyggst ráðuneytið grípa til að draga úr áhrifum hugsanlegs samdráttar í ferðaþjónustu?*

Öll starfsemi ráðuneytisins á sviði ferðamála miðar að því að styrkja greinina. Þar má m.a. nefna starfsemi Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða, Flugþróunarsjóðs og Hæfniseturs ferðaþjónustunnar, samvinnu og fjárframlög til Íslandsstofu vegna markaðsstarfs, fjölmörg verkefni á vegum Ferðamálastofu og Stjórnstöðvar ferðamála, stuðning við Markaðsstofur landshlutanna og nýlega áherslu á að styðja við stafrænar lausnir í starfsemi ferðaþjónustufyrirtækja, sem jafnframt sér stað í formennskuverkefni Íslands hjá Norrænu ráðherranefndinni 2019 þar sem sjálfbær ferðamennska er eitt af áherslumálunum. Í því sambandi má einnig nefna hagnýtar vefvinnustofur sem Ferðamálastofa og Íslenski ferðaklasinn eru að setja af stað um þessar mundir með það að markmiði að sýna, kynna og miðla þekkingu og reynslu til fyrirtækja í ferðaþjónustu á sviði aukinnar tækni og öflugrar miðlunar. Tækifæri eru í tæknivæðingu á öllum stigum sem getur aukið framleiðni og bætt afkomu ferðaþjónustufyrirtækja.

Í könnun sem unnin var fyrir Ferðamálastofu haustið 2018 um afkomu fyrirtækja í ferðaþjónustu kom fram að vísbendingar væru um að nokkur fjöldi ferðaþjónustufyrirtækja á landsbyggðinni byggji við versnandi afkomu. Enn er vöxtur í ferðaþjónustu þótt úr honum hafi dregið síðustu misseri. Ef um samdrátt verður að ræða tekur ráðuneytið til sérstakrar skoðunar til hvaða aðgerða verður hægt að grípa, en þær hljóta að þurfa að taka mið af eðli og aðstæðum hverjum sinni.

3. *Hver er áætluð skuldastaða og áætluð eignastaða hjá fyrirtækjum í flugrekstri, gistiþjónustu, bílaleigurekstri, hópferðaþjónustu og öðrum þáttum ferðaþjónustu? Óskað er eftir að fram komi staðalfrávik og skeifni fyrir hvern flokk fyrirtækjanna.*

4. *Hve stór hluti skulda áðurnefndra flokka fyrirtækja eru skammtímaskuldir sem ber að greiða upp á næstu tólf mánuðum?*

Leitað var liðsinnis Hagstofu Íslands við að svara 3. og 4. tölul. fyrirspurnarinnar. Til hægðarauka eru svör við þeim sett fram í einu lagi. Yfirlit um skulda- og eignastöðu eftir ÍSAT-atvinnugreinaflokkuninni í einkennandi atvinnugreinum ferðaþjónustunnar fyrir árin 2006–2017 kemur fram í töflu 1 ásamt skýringum.

Fyrir árið 2017 eru settar fram myndir fyrir hvern atvinnugreinaflokk í ferðaþjónustu fyrir heildarskuldir og heildareignir ásamt dreifni og staðalfrávik. Þó ber að vekja athygli á því að í sumum atvinnugreinum eru fá stór ferðaþjónustufyrirtæki og mörg lítil ferðaþjónustufyrirtæki sem skekkja myndina. Þannig eru margir litlir aðilar sem bæði eiga og skulda lítið á meðan nokkrir aðilar eiga og skulda mikið.


Ár	Atvinnugrein	Fjöldi	Heildarskuldir	Hlutfall skammtímaskulda	Heildareignir
2006	Bilaleigur	70	5.820.846.639	44%	5.786.777.765
2007	Bilaleigur	75	6.371.157.233	45%	6.730.363.472
2008	Bilaleigur	71	12.491.123.593	35%	7.688.418.406
2009	Bilaleigur	87	13.991.408.705	40%	9.698.611.618
2010	Bilaleigur	106	11.518.640.130	25%	10.876.156.822
2011	Bilaleigur	113	13.715.114.434	39%	13.779.555.461
2012	Bilaleigur	127	18.753.113.438	27%	18.774.448.767
2013	Bilaleigur	135	21.524.202.051	25%	21.963.054.686
2014	Bilaleigur	156	26.292.251.785	28%	27.538.055.464
2015	Bilaleigur	158	35.717.810.446	38%	39.007.823.003
2016	Bilaleigur	168	42.006.196.205	34%	46.598.721.038
2017	Bilaleigur	170	48.930.360.832	36%	53.673.397.406
2006	Einkennandi greinar ferðapjónustu - annað	1262	18.840.968.332	44%	19.320.529.924
2007	Einkennandi greinar ferðapjónustu - annað	1274	20.322.240.460	43%	22.417.333.052
2008	Einkennandi greinar ferðapjónustu - annað	1290	26.870.721.828	43%	22.364.741.230
2009	Einkennandi greinar ferðapjónustu - annað	1310	28.091.128.821	43%	25.623.817.383
2010	Einkennandi greinar ferðapjónustu - annað	1357	23.595.988.788	41%	23.624.121.018
2011	Einkennandi greinar ferðapjónustu - annað	1376	22.127.198.455	43%	25.158.219.851
2012	Einkennandi greinar ferðapjónustu - annað	1357	23.399.656.868	46%	27.701.834.930
2013	Einkennandi greinar ferðapjónustu - annað	1395	25.642.997.200	46%	32.665.922.699
2014	Einkennandi greinar ferðapjónustu - annað	1472	29.789.053.997	45%	38.513.458.700
2015	Einkennandi greinar ferðapjónustu - annað	1523	35.585.256.161	46%	46.301.495.717
2016	Einkennandi greinar ferðapjónustu - annað	1544	42.945.533.798	46%	57.457.301.261
2017	Einkennandi greinar ferðapjónustu - annað	1601	48.022.301.718	47%	62.459.056.584
2006	Farþegaflug	23	30.725.545.781	71%	41.928.870.766
2007	Farþegaflug	30	45.469.671.276	50%	54.321.833.568
2008	Farþegaflug	36	45.952.175.795	73%	48.961.793.276
2009	Farþegaflug	31	46.591.122.723	65%	53.604.049.062
2010	Farþegaflug	35	41.762.179.815	79%	55.299.304.403
2011	Farþegaflug	40	49.755.338.678	69%	66.587.699.884
2012	Farþegaflug	44	56.016.091.900	80%	77.316.784.267
2013	Farþegaflug	43	55.640.047.845	83%	78.820.867.009
2014	Farþegaflug	43	65.400.573.411	88%	90.834.956.062
2015	Farþegaflug	45	93.563.102.252	66%	128.249.397.638
2016	Farþegaflug	39	100.674.840.206	64%	147.038.329.391
2017	Farþegaflug	39	105.640.627.649	66%	145.889.056.118
2006	Ferðaskipuleggjendur	239	8.235.619.223	40%	10.505.843.219
2007	Ferðaskipuleggjendur	257	11.311.527.788	45%	15.250.847.552
2008	Ferðaskipuleggjendur	277	32.829.084.261	25%	39.108.731.595
2009	Ferðaskipuleggjendur	359	33.815.219.368	30%	41.775.949.281
2010	Ferðaskipuleggjendur	431	30.758.072.209	26%	40.568.671.092
2011	Ferðaskipuleggjendur	483	32.224.022.020	25%	44.453.476.746
2012	Ferðaskipuleggjendur	560	33.769.765.047	25%	48.666.335.750
2013	Ferðaskipuleggjendur	656	35.154.414.223	30%	52.079.026.829
2014	Ferðaskipuleggjendur	764	37.079.695.252	30%	55.471.547.198
2015	Ferðaskipuleggjendur	856	43.106.041.544	36%	66.748.719.314
2016	Ferðaskipuleggjendur	1006	49.406.654.304	42%	73.665.562.086
2017	Ferðaskipuleggjendur	1114	54.128.104.604	50%	85.606.443.251
2006	Rekstur gististaða	409	20.556.365.895	28%	21.268.441.869
2007	Rekstur gististaða	432	23.986.070.311	24%	24.415.654.511
2008	Rekstur gististaða	429	35.771.255.505	24%	24.775.407.295
2009	Rekstur gististaða	462	37.909.753.058	25%	26.477.409.789
2010	Rekstur gististaða	478	32.022.560.457	32%	25.006.923.155
2011	Rekstur gististaða	519	34.370.385.886	33%	29.242.124.620
2012	Rekstur gististaða	539	44.065.646.696	29%	41.845.620.837
2013	Rekstur gististaða	605	47.274.828.659	28%	52.284.705.866
2014	Rekstur gististaða	696	52.239.501.576	28%	61.295.855.544
2015	Rekstur gististaða	775	67.988.944.324	27%	87.416.150.457
2016	Rekstur gististaða	827	79.897.416.008	26%	108.562.382.291
2017	Rekstur gististaða	874	85.740.512.641	24%	125.490.407.036
	Heimild: Hagstofa Íslands				
	24.10.2018				

Tafla 1. Yfirlit yfir heildarskuldir og heildareignir fyrirtækja í flugrekstri, gistipjónustu, bilaleigurekstri, hópferðapjónustu og öðrum þáttum ferðapjónustu.


Atvinnugrein	ISAT	ISAT2008_LYSING
Bílaleigur	771	Leiga á vélknúnum ökutækjum
Einkennandi greinar ferðaþjónustu - annað	4932	Rekstur leigubíla
Einkennandi greinar ferðaþjónustu - annað	4939	Aðrir farþegaflutningar á landi
Einkennandi greinar ferðaþjónustu - annað	7721	Leiga á tómstunda- og íþróttavörum
Einkennandi greinar ferðaþjónustu - annað	491	Farþegaflutningar með jánbrautarlestum milli borga
Einkennandi greinar ferðaþjónustu - annað	501	Millilanda- og strandsiglingar með farþega
Einkennandi greinar ferðaþjónustu - annað	503	Farþegaflutningar á skipgengum vatnaleiðum
Einkennandi greinar ferðaþjónustu - annað	561	Veitingastaðir
Einkennandi greinar ferðaþjónustu - annað	563	Krár, kaffihús og dansstaðir o.p.h.
Farþegaflug	511	Farþegaflutningar með flugi
Rekstur gististaða	551	Hótel og gistiheimili
Rekstur gististaða	552	Orlofsdvalarstaðir og annars konar gistiaðstaða
Rekstur gististaða	553	Tjaldsvæði, svæði fyrir húsbíla og hjólhýsi

Skýringar við hugtök í töflu 1.


**Heildareignir og heildarskuldir í atvinnugreinaflokkun ferðapjónustu 2017  
ásamt meðaltali og staðalfrávik.**




<i>Heildareignir gististaðir</i>	
Meðaltal	143581701
Staðalfrávik	1049526989




<i>Heildarskuldir gististaðir</i>	
Meðaltal	98101273
Staðalfrávik	537426363



Heildareignir ferðaskipuleggjendur	
Meðaltal	76845999
Staðalfrávik	676474849




Heildarskuldir ferðaskipuleggjendur	
Meðaltal	48588963
Staðalfrávik	401816739




#### Heildareignir farþegaflutningar

Meðaltal	3740745029
Staðalfrávik	13993999266



#### Heildarskuldir farþegaflutningar


Meðaltal	2708734042
Staðalfrávik	9550938401




<i>Heildareignir ferðapjónusta annað</i>	
Meðaltal	39012527,54
Staðalfrávik	154399964,4



<i>Heildarskuldir ferðapjónusta annað</i>	
Meðaltal	29995191,58
Staðalfrávik	113581008,7



<i>Heildareignir bíla-leigur</i>	
Meðaltal	315725867,1
Staðalfrávik	1312920121



<i>Heildarskuldir bíla-leigur</i>	
Meðaltal	287825652
Staðalfrávik	1212600832